



**95. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 25. september 2023
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Þórhallur Borgarson varaformaður, Jón Björgvin Vernharðsson varamaður, Björgvin Stefán Pétursson aðalmaður, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Þórunn Hrund Óladóttir varamaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi, Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri, Sóley Valdimarsdóttir verkefnastjóri umhverfismála og Sigurður Jónsson skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála

Sigurður Jónsson, skipulagsfulltrúi, sat fundinn undir liðum nr.6-15.

Dagskrá:

1. 202308042 - Fjárhagsáætlun hafna Múlapings 2024

Staðgengill hafnarstjóra kynnir drög að fjárfestingaráætlun hafna Múlapings fyrir árið 2024.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Gauti Jóhannesson - 08:30

2. 202109017 - Endurbygging hafskipabryggju Djúpivogur

Lögð er fram til kynningar fundargerð frá 4. verkfundi auk verkstöðublaðs vegna endurbyggingar hafskipabryggju á Djúpavogi. Staðgengill hafnarstjóra sat fundinn undir þessum lið.

Gestir

Gauti Jóhannesson - 08:55

3. 202307082 - Breytingar á sorphirðu í Múlapingi 2023

Framkvæmda- og umhverfismálastjóri kynnir niðurstöður frá íbúafundum vegna breytinga á sorphirðu sem haldnir voru í fjórum kjörnum sveitarfélagsins í lok ágúst. Lögð er fram tillaga að breytingu á sorphirðutíðni frá því sem ráðið hafði áður ákveðið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að tíðni sorphirðu verði 4 vikur í þéttbýli en í dreifbýli verði almennt sorp og lífrænt hirt á 4 vikna fresti en pappír og plast á 6 vikna fresti.



Samþykkt samhljóða.

4. 202309100 - Samningur um sorphirðu í Múlaþingi

Fyrir liggur tilboð frá Íslenska Gámafélaginu um skammtíma samning til 6 mánaða vegna sorphirðu í Múlaþingi en gildandi samningur rennur út 30. september nk.

Framkvæmda- og umhverfismálastjóri kynnir jafnframt stöðu verkefnis við undirbúning útboðs á sorphirðu í Múlaþingi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi tilboð og felur framkvæmda- og umhverfismálastjóra að ganga til samninga við bjóðanda.

Samþykkt samhljóða.

5. 202308156 - Lífrænt sopp, fyrirspurn

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur erindi frá Philip Vogler, dagsett 27. ágúst 2023, þar sem lagðar eru fram hugmyndir um hvernig sveitarfélagið geti hvatt íbúa til heimajarðgerðar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð þakkar erindið og hefur það í huga þegar farið verður í heildarútboð á sorphirðu.

Samþykkt samhljóða.

6. 202210120 - Aðalskipulagsbreyting, Efnisnáma, Kiðueyri í Grímsá

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja umsagnir sem bárust á kynningartíma sameiginlegrar skipulags- og matslýsingar auk vinnslutillögu vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna námu á Kiðueyri í landi Ketilsstaða.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að skipulagsfulltrúa verði falið að láta uppfæra skipulagstillögu í samræmi við umræður á fundinum þar sem tekið er tillit til atriða í fyrirbyggjandi umsögnum.

Samþykkt samhljóða.

7. 202103071 - Aðalskipulagsbreyting, Úlfsstaðaholt, frístundabyggð

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga til auglýsingar vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 þar sem gert verður ráð fyrir frístundabyggð við Úlfsstaðaholt í landi Úlfsstaða. Breytingin er sett fram í greinargerð dagsett 7. september 2023. Jafnframt eru lagðar fram umsagnir sem bárust á kynningartíma vinnslutillögu en frestur rann út 13. janúar 2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi skipulagstillögu og leggur til við sveitarstjórn að hún verði auglýst í samræmi við 31. gr.



skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

8. 202203036 - Deiliskipulag, Úlfsstaðaholt, frístundabyggð

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga til auglýsingar fyrir nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð við Úlfsstaðaholt í landi Úlfsstaða. Breytingin er sett fram í greinargerð og á uppdrætti dagsett 7. september 2023. Einnig liggja fyrir umsagnir sem bárust á kynningartíma vinnslutillögu en frestur rann út 13. janúar 2023.

Fyrir liggur undanþága innviðaráðuneytisins frá ákvæðum skipulagsreglugerðar sbr. fyrri bókanir umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi skipulagstillögu og leggur til við heimastjórn Fljótsdalshéraðs að hún verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

9. 202212147 - Deiliskipulag, Smávirikjun við Gestreiðarstaðaháls

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga nýs deiliskipulags smávirikjunnar við Gestreiðarstaðaháls. Brugðist hefur verið við ábendingum Umhverfisstofnunar í samræmi við bókun ráðsins á 92. fundi og liggur fyrir ráðinu að taka afstöðu til auglýsingar tillögunnar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi skipulagstillögu og leggur til við heimastjórn Fljótsdalshéraðs að hún verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

10. 202306091 - Deiliskipulagsbreyting, Dalsel 1

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga að breytingu á deiliskipulagi Selbrekku, efri áfanga.

Breytingin er gerð á uppdrætti og greinargerð og tekur til lóða 1, 3 og 5 við Dalsel. Tillagan gerir ráð fyrir að sameinaðar séu lóðirnar við Dalsel 1-5 í eina lóð og að þar verði heimilt að byggja 4-6 íbúðir á einni hæð með eða án sambyggðum bílgeymslum.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að gerð verði breyting á gildandi deiliskipulagi í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu. Breytingin er metin óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem hún víkur ekki frá notkun eða nýtingarhlutfalli svæðisins.

Umhverfis- og framkvæmdaráð felur skipulagsfulltrúa að óska eftir umsögnum frá RARIK og HEF veitum. Jafnframt samþykkir ráðið að grenndarkynna breytinguna fyrir fasteignaeigendum eftirfarandi eigna: Klettasel 2, 4, 6 og 8, Dalsel 2, 4, 6, 7 og 8.



Samþykkt samhljóða.

11. 202307097 - Umsókn um byggingarheimild, Kaupvangur 25, 700,

Grenndarkynningu byggingaráforma við Kaupvang 25 á Egilsstöðum lauk þann 19. september sl. án athugasemda.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð staðfestir að grenndarkynningu fyrirhugaðra byggingaráforma við Kaupvang 25 sé lokið án athugasemda.

Samþykkt samhljóða.

12. 202307050 - Umsókn um byggingarheimild, Búland 10, 765,

Grenndarkynningu byggingaráforma við Búland 10 á Djúpavogi lauk þann 19. september sl. án athugasemda.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð staðfestir að grenndarkynningu fyrirhugaðra byggingaráforma við Búland 10 sé lokið án athugasemda.

Samþykkt samhljóða.

13. 202308036 - Umsókn um lóð, Lónsleira 11

Máli frestað til næsta fundar.

14. 202308045 - Breyting á lóð, Búland 16, 765

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur erindi frá lóðarhöfum við Búland 16 á Djúpavogi þar sem óskað er eftir stækkun á lóðinni til vesturs.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð getur ekki fallist á stækkun á lóð til vesturs á þeirri forsendu að þar er gert ráð fyrir gönguleið í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020.

Samþykkt samhljóða.

15. 202301185 - Umsókn um niðurrif, Eiðar /Lóð 2, 701,

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur erindi frá EFLU fyrir hönd Ríkisútvarpsins ohf. þar sem óskað er eftir því að ákvörðun framkvæmda- og umhverfismálastjóra um að málsaðila bæri að fjarlægja jarðskaut í tengslum við niðurrif Eiðamasturs verði endurskoðuð.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að málsaðila sé heimilt að skilja eftir jarðskaut Eiðamasturs á þeirri forsendu að ekki sé af því mengunarhætta. Jafnframt fer ráðið fram á það að málsaðili skili inn hnitsetningu af jarðskautinu.



Samþykkt samhljóða.

16. 202309117 - Ályktun. Skógarreitir og græn svæði innan byggðar

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur ályktun frá Skógræktarfélagi Íslands sem samþykkt var á aðalfundi félagsins í byrjun september. Sveitarfélög eru þar hvatt til að "huga sérstaklega að verndun og varðveislu skógarreita, trjálunda og grænna svæða innan byggðar og í næsta nágrenni."

Lagt fram til kynningar.

17. 2309013F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa Múlaþings - 24

Fundargerð frá 24. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa lögð fram til kynningar.

18. 202301192 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Austurlands 2023

Fundargerð frá 174. fundi heilbrigðisnefndar Austurlands lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00

